



4.5.5. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017  
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

## Yfirlit yfir útreikninga, rökstuðning og aðrar forsendur hönnunar

Í grein 4.5.5 í byggingarreglugerð segir:

„Hönnuður skal vinna efnisyfirlit yfir útreikninga sína vegna viðkomandi mannvirkis í samræmi við umfang og eðli verkefnisins.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

### Leiðbeiningar

Í yfirliti yfir útreikninga skal skrá alla þá útreikninga sem gerðir eru á hönnunartíma mannvirkisins. Einnig skal vera yfirlit yfir rökstuðning og forsendur hönnunarinnar.

Í yfirlitinu skal koma fram hver er ábyrgur fyrir útreikningunum og hvenær þeir eru gerðir.

Sjá jafnframt leiðbeiningu Mannvirkjastofnunar nr. 4.5.3 Greinagerðir hönnuða.